

152. löggjafarþing 2021–2022.

Þingskjal 214 — 1. mál.

2. umræða.

## Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2022.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (BjG, HarB, VilÁ, BHar, SVS, IÓI).

1. Við 6. gr. Nýr liður:
  - 5.17 Að heimila Háskólanum á Akureyri að auka við hlutafé í Þekkingarvörðum ehf. með það að markmiði að vinna að undirbúningi fyrir þróun og uppbyggingu á þekkingarþorpi.
2. Við 6. gr. Liður 7.20 orðist svo: Að veita lánastofnunum ábyrgð ríkissjóðs á höfuðstól lána, að meðtöldum vöxtum, til að styðja við einstaklinga og lögaðila sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og hafa orðið fyrir tímabundnum skakkaföllum vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Heimildin verður nýtt í samræmi við skilyrði sem kveðið er á um í lögum um fjárstuðning til minni rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Jafnframt er heimilt að semja við Seðlabanka Íslands um að annast umsýslu vegna ábyrgðar ríkissjóðs á lánunum

